

Ábendingar og kvartanir 2021

Ábendingar og kvartanir frá viðskiptavinum og starfsfólki ásamt yfirlit yfir tilkynningar sem sendar voru til leyfisveitenda árið 2021. Ennfremur er greint frá því hvernig brugðist var við ábendingum og kvörtunum.

Umhverfisslys, mengunarslys og akstur utan vega	2021		2021			Viðbrögð
	Allt árið	Q1	Q2	Q3	Q4	
Mengunarslys og hættuleg hegðun á og við vatnsverndarsvæði	6	1	1	2	2	6 ábendingar bárust um olíuleka, leka á kælivökva eða hættu á leka og útafakstur. Í nokkrum tilvikum þurfti að ráðast í hreinsun. Farið var yfir þessar ábendingar, verklag bætt og fjallað um mikilvægi vatnsverndar í fjölmiðlum.
Akstur utan vega og rask	1	1	0	0	0	Í einu tilviki varð vart við að ytri aðilar hefðu ekið utan vega á Hengli. Brugðist við og ráðist í úrbætur af fremsta megni.
Ábendingar og umkvörtunarefni (fjöldi)	2021	Q1	Q2	Q3	Q4	Viðbrögð
Tilkynningar til leyfisveitenda, vöktunar- og viðbragðsaðila						
Líkur á að styrkur brennisteinsvetnis fari yfir mörk og viðhaldsstopp í lofthreinsistöð	1	0	1	0	0	1 tilkynning um stopp í lofthreinsistöð við Hellisheiðarvir. Árangur hreinsunar og niðurdælingar á brennisteinsvetni var töluverður árið 2021.
Losun jarðhitavatns á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun og Hverahlíð	3	1	1	1	0	3 tilkynningar um rennsli á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun og í Hverahlíð. Unnið er að mörgum rannsóknar- og þróunarverkefnum til að uppfylla kröfur um niðurdælingu á Hellisheiði og hefur töluverður árangur náðst.
Losun á heitu vatni út í umhverfið við Nesjavallavirkjun	5	1	1	2	1	5 tilkynningar um óstýrt rennsli á heitu vatni út í umhverfið. Verklag hefur verið endurbætt.
Losun á heitu vatni út í umhverfið hjá Veitum	5	2	0	2	1	5 tilkynningar um rennsli á heitu vatni út í umhverfið. Fylgst er með lekum og er ráðist í rótargreiningu til að komast að rót þessa þegar óstýrt rennsli er út í umhverfið.
Losun á skólpi í sjó um yfirföll í fráveitu og um neyðarútrásir	20	3	4	2	1	20 tilkynningar. Unnið að kortlagningu innrennslis ofanvatns í fráveitukerfi í efri byggðum Rvk. svo koma megi í veg fyrir það. Einnig unnið að endurhönnun í dælustöðvum fráveitum og blágrænum ofanvatnslausnum í samvinnu við sveitarfélög. Mat á yfirfallstíma Kringlumýrarræsis. Tilkynningum til almennings hagað með markvissum hætti og fráveitusjá er á vef Veitna.
Blástur á borholum eða gufulosun um háfa	5	0	1	1	3	Blæstri og gufulosun er haldið í lágmarki til að draga úr losun jarðhitaloftegunda og hávaða.
Elliðavatn	1	1	0	0	0	Tilkynningar eru liður í verklagi svo leyfisveitendur séu upplýstir um grunnstigul í vatninu og mögulegt minnkað rennsli í Elliðaár.
Leki á einangrunarmiðlinum SF ₆	1	0	0	0	1	Í ljós kom 2 kg leki eftir að tekinn var niður spennabúnaður í eigu Veitna.
Samtals	45	8	8	12	17	

Ábendingar eða fyrirspurnir frá viðskiptavinum

Brennisteinsvetni	3	2	0	0	1	Óskað eftir gögnum úr loftgæðastöðvum og aftur í tímann. Unnið er markvisst að því að auka hreinsun og niðurdælingu á brennisteinsvetni við Helligheiðarvirkjun og varð árangur talsverður árið 2021.
Umgengni	9	6	0	0	3	Umgengni vegna framkvæmda. Brugðist við og ráðist í úrbætur af fremsta megni.
Varasöm efni	2	2	0	0	0	Brugðist við og ráðist í úrbætur af fremsta megni.
Samtals	14	10	0	0	4	

Ábendingar frá starfsmönnum OR og dótturfélaga

Umgengni, veggjakrot, sláttur, aðstaða	15	7	8	0	0	Brugðist við og ráðist í úrbætur af fremsta megni.
Flokkun úrgangs	1	0	0	1	0	Reglulega vakin athygli á mikilvægi flokkunar úrgangs.
Varasöm efni, olía eða efni barst ekki út í umhverfið	5	1	1	1	2	Minniháttar leki á varasömum eignum af farartækjum og búnaði. Brugðist við og haft samband við ábyrgðarmenn tækja.
Heitt vatn út í umhverfið	4	4	0	0	0	Brugðist við og ráðist í úrbætur af fremsta megni.
Samtals	25	12	9	2	2	
SAMTALS	91	32	18	16	25	